

Þriðju fundur haldinn að Breiðabliki þriðjudaginn 30. mars 2021 að Breiðabliki kl. 10:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Hersís Þórðardóttir. Haraldur Reynisson sat undir lið 1 og 2 og Páll Brynjólfsson sat undir lið 2 til 4.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Samantekt KPMG vegna þróunar kostnaðar við Laugargerðiskóla 2015 til 2020. Haraldur Reynissom endurskoðandi fór yfir samantektina. Ljóst er að árið 2015 var kostaður sveitarfélagsins við skóla og leikskóla kr, 58 milj en er kominn í 91 milj 2020 þrátt fyrir fækkun barna í skólanum. Þegar skattekjur 2020 eru um 120 milj og heildartekjur um 160 milj er rekstarkostnaðurinn við skóla og leikskóla orðinn mjög hár og jafnframt hefur verið mikill stígandi í kostnaði í honum. Þegar níu mánuðir í rekstri EM vegna 2020 lágu fyrir í byrjun október var ljóst að tekjur væru að lækka og kostaður að aukast hjá sveitarfélaginu. Einnig var ljóst á þeim tímapunkti að skólinn yrði þyngri í rekstri en gert var ráð fyrir.
2. Farið yfir hluta af fjárhagsáætlun Eyja og Miklaholtshrepps vegna 2021. Farið yfir áætlunina og hvernig skólinn hefði farið af stað á árinu. Það liggur fyrir að það voru tveir starfsmenn ráðnir inn í skólann í byrjun febrúar sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun og einnig var heimasíða skólans felld niður og kemur þar fram að ný síða væri í vinnslu. Ekki var gert ráð fyrir fjármagni í slíka vinnu og því er það, eftir því sem virðist, utan fjárhagsáætlunar. Oddvita falið að leita skýringa á þessum atriðum til skólans.
3. Erindi frá skólanefnd dagsdett 25. febrúar ásamt ályktun, lagt til að fundi verði lokað og málið fært í trúnaðarbók.
4. Tillaga frá Gísla Guðmundssyni og varðar skoðun á hlutverki og framtíð Laugargerðisskóla og framtíðar uppbyggingu í kringum hann. Í tillögunni fellst að málefndi Laugargerðisskóla verða tekin til ítallegar skoðunar með það fyrir augum að greina hvernig staðan og hvernig má gera skólasamfélagið betra og fá fleiri börn í skólann. Samþykkt af sveitastjórn að senda erindi til SSV með að skoða þetta mál fyrir okkur.
5. Erindi frá Gísla Guðmundssyni með beiðni um upplýsingar. Óskað er eftir því að hreppsnefnd afli eftirfarandi upplýsinga frá skólastjóra Laugargerðisskóla, lista yfir starfsmenn skólans, starfshlutfall, starfsheiti, og menntun hvers og eins. Jafnframt sundurliðun á fjölda nemenda í grunnskóla og leikskóla og fjölda þeirra barna sem þurfa tilvísun á sérfræðiaðstoð frá Félags og skólaþjónustu Snæfellinga. Oddvita falið að afla umbeðinna upplýsinga.
6. Bréf dagsett 2. mars 2021 frá Samgöngu og Sveitarstjórnarráðuneytinu og varðar beiðni Gísla Guðmundssonar um upplýsingar. Bréfið lagt fram kynnt fyrir sveitarstjórn og oddvita falið að svara ráðuneytinu.
7. Erindi frá Fræðslu og skólanefnd dagsett 25. febrúar og varðar varamenn í nefndina. Atli Sveinn Svansson og Jón Oddsson.
8. Fyrirspurn vegna leigu á tjaldsvæði við Laugargerðisskóla. Fyrirspurn hefur komið um það hvort hægt verði að taka tjaldsvæði við Laugargerðisskóla á leigu til að endur leigja til ferðamanna. Farið yfir málið.
9. Breiðablik – kostnaður við snjóbræðslu. Ákveðið að gera þetta fyrir veturinn.

10. Samningur við Vinnuvernd ehf um þjónustu vegna trúnaðarlæknis. Samningurinn samþykktur.
11. Samningur um samstarf um embætti skipulags og byggingarfulltrúa milli 4 sveitarfélags. Lögð fram drög að samstarfssamningi Grundarfjarðarbæjar, Eyja- og Miklaholtshrepps, Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar um sameiginlegt embætti skipulags- og byggingarfulltrúa. Ekki er gert ráð fyrir að stofna sérstakt byggðasamlag um starfsemina, heldur gert ráð fyrir að starfsmenn verði ráðnir beint, hjá Grundarfjarðarbæ og Stykkishólmsbæ. Samþykktur samhljóða.
12. Umsögn vegna breytingu á rekstrarleyfi LG-REK-011769 til reksturs gististaðar í flokki IV frá Félagsbúinu Miðhraun II. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfi verði veitt til breytinga á rekstrarleyfi Félagsbúsins Miðhrauns II að uppfylltum þeim skilyrðum sem þarf að uppfylla.
13. Fundargerð frakvæmdastjórnar Byggðarsamlags Snæfellinga frá 12. Mars 2021. Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Herdís Þórðadóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)